

Ed.

84. Nefndarálit

[58. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til að heimila ríkisstjórninni að bjóða út innanlands 75 millj. kr. skuldabréfalán, og skal lánsfé þessu varið samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar til ótiltekinna framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkisins og Ríkisábyrgðasjóðs. Skuldabréf þessi skulu verðtryggð þannig, að vextir og afborganir verði bundnar ótiltekinni vísitölu, sem ráðherra ákveður.

Frumvarpið felur því ekki í sér nein ákvæði um lánskjör, lánstíma né heldur ákvæði um, til hvaða framkvæmda fénu skuli varið. Nokkrar upplýsingar um þessi atriði hafa fengizt við athugun málsins í fjhn. eða öllu heldur um það, hvaða hugmyndir hv. ríkisstjórn hefur á þessu stigi málsins gert sér um lánskjör og úthlutun lánsfjárins. Engu að síður verður að telja harla óviðfelldið og óeðlilegt, að Alþingi afsali sér ákvörðunarrétti um lánskjör og veitingavaldi á því fé, sem ríkissjóður fær hér að láni. Er undirritaður því eindregið andvígur og mun flytja lútandi að því, að Alþingi ráði bæði lánskjörum og úthlutun fjárins.

Við umræðu um málið í n. er upplýst, að fyrirhugað er, að meðalvextir skuldabréfalánsins verði 7.2% og að auki leggist á vexti og afborganir verðbætur samkv. vísitölu byggingarkostnaðar. Er hér því greinilega um að ræða óhagstæðari lánskjör en nokkru sinni hafa áður þekkt við lántökur ríkissjóðs, og einnig felst í aðferð þessari greinileg vísbending um það, að halda eigi fast við hina háu vexti, sem ríkisstjórnin hefur komið á í lánakerfinu. En vaxtahæðin, sem nú gildir, er orðin enn meiri og hættulegri fásinna, eftir að tímabil verðstöðvunar hófst með samningum verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur og ríkisstjórn á s. l. vori.

Í frv. er lagt til, að skuldabréfin svo og vextir af þeim og verðbætur skuli undanþegin framtalsskyldu. Er hér um nýmæli að ræða í skattamálum, að því er verðbréf áhrærir, og að álitni minni hl. fjhn. mjög varhugavert með tilliti til nauðsynlegs skattaeftirlits. Enda mun ekkert samráð hafa verið haft við skattayfirvöld um nýmæli þetta.

Með frv. þessu er því slegið föstu af hálfu hv. ríkisstjórnar, að þrátt fyrir þá gífurlegu skattheimtu, sem hún hefur beitt sér fyrir og fengið framgengt, sé fjárhagur ríkissjóðs ekki betri en svo, að brún þörf sé á því orðin að taka lán, sem síðar verði endurgreidd með enn hækkuðum sköttum almennings á næstu árum, og enn fremur, að nauðsynlegt sé, að slík lántaka fari fram við afarkosti og í kapphlaupi við viðskiptabankana um það innstæðufé, sem ella rynni til rekstrar atvinnuveganna og framkvæmda þeirra. Er slík óbein yfirlýsing hv. ríkisstjórnar vissulega allrar athygli verð, jafnvel þótt gildi hennar sé dregið í efa.

Minni hl. fjhn. viðurkennir fullkomlega nauðsyn þeirra framkvæmda, sem ætlað mun að styðja með lánsfé því, sem hér ræðir um, og mun því ekki ganga gegn því, að fyrirhugað lánsútboð fari fram, þótt önnur úrræði séu vafalaust fyrir hendi. Hins vegar telur hann óhjákvæmilegt, að breytingar verði gerðar á frv. í samræmi við framanritað, og mun flytja till. þar að lútandi.

Alþingi, 12. nóv. 1964.

Björn Jónsson.